

Fornleifakönnun í landi Efstadals í Laugardalshreppi, Árnessýslu



Orri Vésteinsson og Guðmunda Björnsdóttir



*Reykjavík 2002
Fornleifastofnun Íslands
FS161-01101*

© Fornleifastofnun Íslands 2002

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Fax: 551 1047

Netfang: fsi@instarch.is

Heimasíða: www.instarch.is

Kápumyndin er frá Flötum í Efstadal

1. kafli. Inngangur

Fyrir dyrum stendur að skipuleggja sumarhúsabyggð í landi Efstadals í Laugardalshreppi í Árnessýslu. Sumarhúsabyggðin er í norðvesturhluta jarðarinnar, um 500 metra austan landamerkja við Laugardalshóla. Fyrir hönd landeigenda hafði Laugardalshreppur samaband við Fornleifastofnun Íslands snemma sumars 2001 og fór þess á leit að gerð yrði fornleifaskráning á jörðinni. Skráningin fór fram dagana 8. – 19. júlí 2001 og var gerð af Guðmundu Björnsdóttur undir stjórn Orra Vésteinssonar fornleifafræðings.

Helstu heimildarmenn voru Sigurður Sigurðsson, Theódór Vilmundarson, Margrét Jónína Þórarinsdóttir og Sigurfinnur Vilmundarson í Efstadal. eru þeim færðar bestu þakkir fyrir aðstoðina.

2. kafli. Löggjöf um minjavernd

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 11. grein þjóðminjalaga (nr. 107 2001), er skylt að "fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna."

Samkvæmt 10. grein laganna eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: "Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja ..." Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölpætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a.** búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum,

- verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b.**vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bóllum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
 - c.**gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
 - d.**gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
 - e.**virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
 - f.**gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
 - g.**áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
 - h.**haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
 - i.**skipsflök eða hlutar úr þeim. Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 14. gr. þjóðminjalaga segir m.a. : "Nú telur ... sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, að hann þurfi að gera jarðrask, svo sem vegna vegagerðar, veitulagnar, framræslu eða skógræktar, er haggð geti við fornleifum og skal hann þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá því áður en hafist er handa við verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmd mundi leiða. Fornleifavernd ríkisins ákveður hvort og hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum. Við allar meiri háttar framkvæmdir ... skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum."


3. Kafli. Athuganir og staðhættir.

Fornleifakönnun hefur ekki verið gerð áður í landi Efstadals að öðru leyti en því að Matthías Þórðarson virðist hafa komið þar 1907 eða haft á þeim tíma nákvæmar spurnir af stein með áletrun sem var í tröppum í bæjardyrum í Efstadal.

Jörðin er austasti bær í Laugardal. Hún liggur vestan Brúarár, frá upptökum hennar að landi Böðmódsstaða að sunnan en að landi Laugardalshóla að vestan. Jörðin byggist snemma, sennilega á landnámsöld.

Skálholtsdómkirkja átti jörðina og hafði þar selstöðu og skógarhögg.

Fornar heimildir eru um að í Efstadal hafi mikill hluti Grímsneshrepps sótt sér skóg til raft-og eldiviðar með leyfi Skálholtsbiskupa. Tvíbýli var lengi í Efstadal: vesturbær og austurbær. Þeir stóðu við sama bæjarhlaðið. Árið 1939 var vesturbærinn fluttur. Formleg skipti fóru fram á milli bæjanna 1946.



Kort 1. Fyrirhugað framkvæmdasvæði

SB III, 66 – 67.

Tvö nýbýli eru á jörðinn, Efstidalur III stofnað 1969 og Efstidalur IV, stofnað 1975. Hvoru um sig tilheyrir 1/3 jarðarinnar að Efstadal I. Hjáleiga var í landi Efstadals frá um 1665 til 1706. Hún var kölluð Efstadalskot og stóð á fornu stekkjarsæði, sennilega því sem Skálholtsstóll hafði notað sem sel þar til stóllinn flutti selið innar í landi jarðarinnar. SB III, 68 – 69.

Bæjarstæðið er vestarlega í landareigninni, undir rótum Efstadalsfjalls, norðan Þjóðvegur nr. 37 sem liggur í gegnum jörðina. Bæirnir hafa verið á brún í landslaginu, sunnan Álfhóls sem er mikill og áberandi í landslaginu, en í kring er gott túnstæði frá náttúrunnar hendi. Mestallur norðurhluti jarðarinnar er skógivaxinn, allt frá jarðamörkum að vestan að Brúarárskörðum að austan. Árið 1983 var allt fé í Efstadal skorið niður og hefur skóglendi á jörðinni vaxið gríðarlega frá þeim tíma. Sunnan Þjóðvegur er sléttlendi allt niður að Brúará.

4. Kafli. Fornleifaskrá.

ÁR-401 Efstidalur

42 hdr. 1847, óviss 1708. Skálholtsstólseign. Kirkja var í Efstadal en í Sturlungu er talað um kirkjueign í jörðinni: 1275: "Biskup setti [Ketil Ketilsson Þorlákssonar] niður á kirkjueign í Efstadal og lét hann þá flytjast með hyski sitt." - Sturl, 798. 1281: "[Ásgrímur Þorsteinsson] heimti að Katli þessa skuld og aðrar fleiri. Ketill kvaðst ei mundu greiða fé það er stóð með kirkjumarki í Efstadal og sagði stað og biskup eiga allt það er hann fór með og þar koma að biskup tók Ketil og lið hans heim á staðinn ..." - Sturl, 819. 1708: "Stólsselið stendur frá Skálholti sem menn kalla Efstadals land. Í tíð Brynjólfs biskups stóð staðarselið allnær jörðunni í hennar eigin selstöðu ...Um það kvartaði bóndinn og var selið þá fært, so sem svari bæjarleið, þó í land jarðarinnar ... Efstadalskot, bygðist fyrst í voru minni á stekkjarsæði ...Varaði bygðin undir eður yfir 40 ár, inn til þess að fyrir 2 árum er það í auðn fallið." JÁM II, 314-15. Tvíbýli var lengst af í Efstadal, vesturbær og austurbær, og stóðu þeir við sama bæjarhlað. Jörðin Efstidalur skiptist nú þannig: Efstidalur II er helmingur af öllum Efstadal (áður vesturbær); Efstidalur I, austasti bær í Laugardal (áður austurbær); Efstidalur III, nýbýli stofnað 1969 á 1/3 landi Efstadals I og Efstidalur IV nýbýli, stofnað 1975 á 1/3 landi Efstadals I. SB III, 66-69.

1920: Tún vesturbæjar (Efstadals II) 4,5 ha. og tún austurbæjar (Efstidalur I) 6,6 ha., ekki gerð grein fyrir sléttun túna. 1708: "Engjatak eigna menn jörðunni, og hefur þessi ábúandi það brúkað, þar sem heitir Reykjagil í Syðri-Reykjalandi í Biskupstungum..." JÁM II, 314-15. Landmikil jörð með fjölbreyttum gróðri; mýrar, móar, skóglendi, heiðalönd og fjalllendi. Jörðin er skjólgóð og góð beitarjörð bæði um sumar og vetur. SB III, 66-69.

ÁR-401:001 *Efstidalur (Vesturbær)* bæjarhóll bústaður64°14,574N

20°32,932V

Bæjarstæði Vesturbæjar, er nú nefnist Efstidalur II, var um 10 m suðvestur af Austurbæ (002). Um 6 m breitt sund var á milli bæjanna. Nú er þar svæði milli hesthúss sem tilheyrir Efstadal II og íbúðarhúss Efstadals I. Á svæðinu er nú íbúðarhús, blómagarður við það auk túns vestanvið sem nýtt er til beitar. Vestan við íbúðarhús Efstadals I mótar fyrir hól. Hann liggur austur-vestur og er um 50 x 40 m

að stærð. Allt svæðið í kringum gamla bæjarhólinn er mikið raskað vegna framkvæmda á svæðinu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-401:002 *Efstidalur (Austurbær)* bæjarhóll bústaður $64^{\circ}14,588N$
 $20^{\circ}32,928V$

Bæjarstæði Austurbæjar, er nú nefnist Efstidalur I, var um 10 m norðaustur af Vesturbæ (001). Um 6 m sund var á milli bæjarhúsanna. Talið er að Austurbærinn hafi staðið þar sem nú er íbúðarhús Efstadals I. Nú er á þessum stað íbúðarhús, sléttað malarplan norðanvið en blómagarður að sunnan. Ekki sést móta fyrir hól. Bæjarstæðið er í brekku sem hallar til suðurs en norðanvið eru miklir hólar, Álfhóll (012) og Barnhóll. Allt svæðið í kringum gamla bæjarstæðið er mikið raskað vegna framkvæmda.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-401:003 *Kirkjuhóll* heimild um útkirkju $64^{\circ}14,573N$ $20^{\circ}32,863V$

Kirkjustæðið er undir suðurenda fjóss frá Efstadal III og IV, um 50 m austur af bæjarstæði Austurbæjar (002). Á þessum stað er nú fjós er byggt var 1973. Heimreiðin er fast við vesturenda þess en að sunnan og austan eru malarplön. Austanmegin er aðkoma að haughúsi fjóssins.

1275: Biskup setti [Ketil Ketilsson Þorlákssonar] niður á kirkjueign í Efstadal og lét hann þa flytjast með hyski sitt - Sturl, 798

1281: [Ásgrímur Þorsteinsson] heimti að Katli þessa skuld og aðrar fleiri. Ketill kvaðst ei mundu greiða fé það er stóð með kirkjumarki í Efstadal og sagði stað og biskup eiga allt það er hann fór með og þar koma þ biskup tók Ketil og lið hans heim á staðinn ... - Sturl, 819.


1708: "Hjer hefur til forna kirkja verið, og enn heldur húsið nafninu. Enginn minnst hjer hafi verið tíðir veittar, og öngvar eru hjer í manna minni leifar af fornum ornamentis." JÁM II, 314.

Heimildamaður, Margrét Jónína Þórarinsdóttir, greindi frá því að grafið hafi verið fyrir fjósi á þessu svæði fyrst á árunum 1953 - 1955. Þá hafði komið í ljós mikið magn af mannabeinum. Árið 1973 var grafið fyrir núverandi fjósi og þá komu einnig í

ljós mikið af mannabeinum, mest vestanmegin. Ekki er á svæðinu greinilegur hóll enda mikið raskað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Sturl, 798, 819; JÁM II, 314.



Kort2. Túnamörk 1920 og minjastaðir innan þess

ÁR-401:004 Efstidalur (vesturbær) heimild um útihús $64^{\circ}14,518N$
 $20^{\circ}32,925V$

Samkvæmt túnakorti frá 1920 voru útihús um 140 m suðvestur af Austurbæ (002), um 50 m norðvestur af hesthúsum (030). Nú er þar sléttað tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-401:005 *Efstidalur (vesturbær)* heimild um útihús $64^{\circ}14,521N$

$20^{\circ}32,965V$

Samkvæmt túnakorti frá 1920 voru útihús um 140 m suðvestur af Austurbæ (002), um 50 m suður af hesthúsum (030). Nú er þar sléttað tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-401:006 tóft óþekkt

$64^{\circ}14,948N$ $20^{\circ}32,206V$

Um 900 m austur af Austurbæ (002) er tóft. Tóftin er undir brekku í svonefndum Fjósaskógi.

Tóftin er á þýfðu svæði sem áður var skógur en nú eru þar birkitré norðan og austanvið. Um 100 m sunnan við tóftina er lón þar sem áður var tekið vatn og er það svæði gróið víðirunnum.

Tóftin er 4,5 x 3 m að stærð og snýr í norður - suður.

Vestan hennar má greina tvö hól sem virðast vera

hluti af henni, hvort um sig 3,5 x 3 m og snúa einnig í suður - norður, syðra hólfið er nánast horfið og liggur fjárgata í gegnum það. Breidd veggja er mest um 1 m og hleðsluhæð mest um 0,4 m. Tóftin er þakin mosa og mikið sigin. Engar vísbendingar er að fá um notkun tóftarinnar eða hlutverk. Áður var skógurinn allþéttur á þessu svæði en hann hefur minnkað eftir að farið var að nota hann til beitar fyrir kýr.



Heimildir: Sigurfinnur Vilmundarson

ÁR-401:007 *Ásmundarlambhúsið* heimild um lambhús $64^{\circ}14,610N$

$20^{\circ}32,790V$

"Rétt aðeins austan við mýrina er hóll og þar voru tættur eftir tvö lambhús. Það fremra kallaðist Garðalambhúsið (034) en hitt sem var aðeins norðar kallaðist Ásmundarlambhúsið.", segir í örnefnalýsingu S.T. Samkvæmt túnakorti voru fern útihús austur af Austurbæ (002).

Heimildum ber ekki saman um staðsetningu þessara húsa. Annarsvegar er talað um að

þau hafi verið á hól efst í Lindarbrekku um 150 m austur af Austurbæ (002) hinsvegar austan við skemmu frá Efstadal IV um 300 m austur af Austurbæ (002). Hnit var tekið við skemmu að Efstadal IV.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: S.T.: Efstidalur í Laugardal, 17

ÁR-401:008 *Hólagata* heimild um leið 64°13,663N 20°31,842V

"Þar beint á milli, beint frá bæ að Fullsæluhól, er Hólagata." segir í örnefnaskrá. "Völlur er allt mólendið austan við Krókagötu að Brúará að sunnanverðu ... Skóglendið í suðurhluta Vallarins, nefnist Hrísar og skiptist í Austur-Hrísa og Vestur-Hrísa. Þar á milli, suður Völlinn, liggur Hólagata og beygir til suðvesturs rétt hjá Fullsæluhól." segir í örnefnalýsingu S.T. Talið er líklegast að ýtuvegur liggi nú um götuna sem endar við Brúará, við Helgulágarvað (026) um 1,6 km suður af Austurbæ (002). Ýtuvegurinn er vel greinilegur og liggur í gegnum birkiskóg.

Heimildir: Ö-Efstidalur H.F., 1; S.T.: Efstidalur í Laugardal, 15

ÁR-401:009 *Flatarhús* heimild um fjárhús


64°14,072N 20°33,219V

"Flatir eru sléttar flatir frá náttúrunnar hendi vestur af Velli. Þar voru fjárhús, Flatarhús." segir í örnefnaskrá. "Austarlega á Flötunum eru nú fjárhús og hlaða sem nefnast einu nafni Flatarhús...Gömlu Flatarhúsin voru aðeins sunnar en þau eru nú." segir í örnefnalýsingu S.T. Tóftin er austanmegin við fjárhús er byggt var 1964, neðan við þjóðveg um 960 m suðvestur af Austurbæ (002).

Tóftin er óröskuð í túni er kallast Flatir. Hún er

24 x 16 m að stærð og snýr norður - suður. Norðanmegin er niðurgrafið hólf, 7 x 16 m að stærð og um 2,5 m að dýpt með allt að níu umförum í grjóthleðslu. Nokkuð er af fúnu timbri og bárujárni í hólfinu. Syðra hólfíð er 17 x 16 m að stærð og opið syðst þar sem greinileg ummerki eru um timburgafl. Í tóftunum eru grjóthlaðnir veggir um 1,5 m að hæð eða fjögur til fimm umför. Grótið er ávalt og í stærra lagi. Svæðið innan tóftarinnar er þéttþýft. Þykkt veggja er mest um 1 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Heimildir: Ö-Efstidalur H.F., 1; S.T.: Efstidalur í Laugardal, 14

ÁR-401:010 garðlag túngarður 64°14,561N 20°33,022V

Norðvestan í Álfhólnum (012) eru leifar af grjóthlöðnum garði, um 160 m norður af Austurbænum (002). Svæðið austanmegin er bratt en vestanmegin er sléttað tún.

Garðurinn er greinilegur og nær frá Álfhólnum vestur bæjartúnin. Garðurinn er mikið hruninn og eftir standa mest tvö umför hleðslu, aðallega hlaðinn úr smáum grjóti. Í heildina er hann um 300 m langur og um 1 – 1,5 m að breidd. Garðurinn er mikið siginn en mesta hæð er um 0,5 m.



Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Efstidalur H.F., 1

ÁR-401:011 Sel tóft sel 64°16,615N 20°33,538V

"Innan við Víðirhólamýri er Mógilshæð. Síðan kemur Mógil. Innan við það er Innra-Hvarf. Síðan Fremra-Selgil og Innra-Selgil. Milli giljanna er Sel, gamlar tóftir og Selflöt. Ofar milli giljanna er Selgilsklofar." segir í örnefnaskrá H.F. "Innra-Selgil, skammt fyrir sunnan Valagil, kemur (úr) ofan úr Selbreknabrún. Sunnan við gilið er fornar seltættur á sléttri grund, þegar Hlíðarbr... [?] sleppir.

Syðra-Selgil skammt frá því innra..." segir í

örnefnaskrá A.P. "Inn af Mógili er kjarrivaxin hæð sem nefnist Innra-Hvarf. Síðan koma Fremra-Selgil og Innra-Selgil. Norðan við Fremra-Selgilið, upp undir hlíðinni er Selflöt þar sem sjást enn töluverðar tóftir eftir sel Skálholtsbiskupsstóls ... Framan við Fremra-Selgil, niður undir ánni, er hóll sem nefnist Selhóll. Innan við Selgilin eru eyrar í Brúará og nefnast þau Selvöð (018)." segir í örnefnalýsingu S.T. "Sel, gamlar tættur, sem sjást ennþá, eru innst undir Selbrekkum skammt frá Brúará, ekki langt frá Selbrekkunum, þar sem þær byrja norðast, en Selbrekkur liggja frá landnorðri til



útsuðurs, horfa á móti suðaustri." segir í örnefnaskrá. Selið er um 6 km norðaustur af Austurbænum (002) undir Selgili við rætur Efstadalsfjalls austanmegin.

Birkiskógur með rjóðrum. Vestan við selið rennur hagalækur en nokkuð sunnar er Brúará.

"...var stólselið fyrst í Stekkatúnshólnum en var svo flutt þaðan, inn á Selflöt.", segir í örnefnalýsingu S.T. Tóftin er 8 x 13 m að stærð og snýr í norður - suður. Breidd veggja er um 2 m, hæð um 0,5 m. Tóftin er mikið sigin.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Efstidalur H.F., 1; Ö-Efstidalur A.P., 2; S.T.: Efstidalur í Laugardal, 32

ÁR-401:012 *Álfhóll* álagablettur 64°14,649N 20°33,004V

"Álfhóll er rétt við bæinn og Barnhóll austar og lægri." segir í örnefnaskrá. Hóllinn er norðan núverandi íbúðarhúsa, fast norðaustan við íbúðarhús að Efstadal III, um 150 m norður af Austurbænum (002).

Sunnan og vestan við hólinn er trjárækt en austanmegin er Barnhóll. Að norðan er mikið og fallegt berg en neðan við það tekur við þýft tún og svo rætur Efstadalsfjalls.

"Af Álfhólnum er mikið útsýni frá austri til vesturs yfir nágrannasveitirnar. Mikil virðing er borin fyrir honum. Fyrr á öldinni var sú trú að ef sá sem sækja átti hestana eða kýrnar sveikst um að fara fyrst upp á Álfhól og skyggjast þaðan eftir þeim, þá fór sá hinn sami ævinlega á mis við skepnurnar. Þangað var alltaf farð snemma á réttardaginn og skyggjast eftir gangnamönnum sem komu með safnið af fjalli. Oft var mannmargt upp á hólnum þennan dag..." segir í örnefnalýsingu S.T. Hóllinn er áberandi í landslaginu, um 30 m hár og 50 m breiður. Sunnanmegin í honum er mikið hellugrjót en norðanmegin má segja að klettur gangi inn í hólinn. Trjágræðingar eru í hólnum sunnanverðum.

Heimildir: Ö-Efstidalur H.F., 1; S.T.: Efstidalur í Laugardal, 15

ÁR-401:013 *Stekkatún* heimild um fjárhús 64°14,014N 20°33,854V

"Suður af Setbergi en ofan vegar er Stekkatún og Stekkatúnshóll. Stekkatúnlækur rann um túnið og hvefur í mýrina.", segir í örnefnaskrá H.F. "Uppi á [Stekkatúns]hólnum voru fjárhús-og hlöðutættur og í honum norðanverðum voru aðrar fjárhústættur til. Í vestanverðum Stekkatúnshólnum voru tættur, mjög líklega eftir Efstadalskot (047). Þar er nú sléttað landsvæði." segir í örnefnalýsingu S.T. "...var stólselið fyrst í Stekkatúnshólnum en var svo flutt þaðan, inn á Selflöt.", segir

þar enn fremur. Hóllinn er um 200 m austan við bragga er byggður var í tíð Sigurðar Sigurðssonar, og er nú notaður sem fjárskýli. Í kringum hólinn er sléttað tún en sunnan þess er þjóðvegurinn. Hóllinn er um 200 x 150 m að stærð, liggur í austur - vestur og er um 20 m hár. Engar tóftir eru sjáanlegar í hólnum en hann hefur þó ekki verið sléttaður að fullu. Á honum er stórpýfi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Efstidalur H.F., 4; S.t.: Efstidalur í Laugardal, 28

ÁR-401:014 *Kumlabrekkur* örnefni 64°13,654N 20°34,472V

"Múli er neðst niður við veginn þar sem sveigjan er á honum. Upp af Múlanum eru Kumlabrekkur." segir í örnefnaskrá H.F. "Setberg er smáfell á móts við Kumlabrekku. Kumlabrekka til suðvesturs að Múlahústættum." segir í örnefnaskrá A.P. Brekkurnar taka við um 100 m sunnan við Múlahústættur (021) og liggja frá vestasta hluta Múla austur undir Setberg. Nú er talað um Kumlabrekkur sem svæðið ofan Stekkatúns (013) og vestur frá því, einnig er talað um þetta sama svæði sem Brekknakolla en þeir eru efst á Múlanum. Birkiskógur. Vestast, undir múlanum, eru tvö sumarhús.

"Kuml merkir opin heytóft og líklegt er að þar hafi verið eitt eða fleiri heystæði í opnum tóftum, sem brekkurnar draga nafn sitt af, án þess að það sé fullvíst." segir í örnefnalýsingu S.T.

Heimildir: Ö-Efstidalur H.F., 4; Ö-Efstidalur A.P., 3; S.T.: Efstidalur í Laugardal, 27

ÁR-401:015 *Húsgangsvik* örnefni 64°13,449N 20°35,331V

"Húsgangsvik er mýri suður af Múlanum." segir í örnefnaskrá. Múlahústættur eru um 2,2 km suðvestur af Stekkatúni (013). Skammt vestar tekur við Kuðungatjörn og enn vestar er Húsgangsvikið. Fast vestan við er skurður og vestanvið hann vegur frá þjóðvegi að Hólaskógi. Búið er að þurrka mýrina og skógurinn farinn að teyja sig frá Múlanum í Vikið. Þar er nú lágur birkigróður.

Heimildir: Ö-Efstidalur H.F., 4

ÁR-401:016 *Húsateigur* örnefni 64°12,204N 20°34,785V

"Upp af Múlanum eru Kumlabrekkur (014). Upp af brekkunum eru Brekkukollar, þar sem hæðin er hæst ...Vikið vestan Brekkukolla heitir Klofningsflatir. Húsateigur er hlíðin upp af þeim." segir í örnefnaskrá. Húsateigur er um 1,6 km vestur af

bæjarstæðinu austurbæjarins (002), en Kónsvegurinn sem lagður var 1906, fyrir konungskomuna 1907, er fast neðanvið. Hlíðin er skógi vaxinn og er þetta það svæði þar sem nú er hvað mestur skógur í Efstadalslandi. Að sögn Margrétar Jónínu Þórarinsdóttur er heitið Húsateigur komið af því að á svæðinu var stór raftaviður sem notaður var í byggingar.

Heimildir: Ö-Efstidalur H.F., 4

ÁR-401:017 heimild um vatnsból 64°14,716N 20°32,731V

Um 300 m norðaustur af Austurbænum (002), austan Álfhóls, ofan við íbúðarhús að Efstadal IV, var vatnsból þar sem vatn var tekið fram til 1976 eða þar til farið var að veita vatni úr Silungapyttsmýri.

Nú er svæðið mikið raskað þar sem ræst hefur verið fram þar sem vatnsbólíð var.

Mikið grjót er þessum stað, moldarflag þar sem vatnsbólíð var en grasi gróið í kring.

Heimildir: Ö-Efstidalur A.P., 1

ÁR-401:018 *Selvöð* heimild um vað 64°16,551N 20°32,540V

"Niður á eyrunum við Brúará eru svonefnd Selvöð; eru á gamalli ferðamannaleið, sem var farin, áður en nokkur brú kom á Brúará." segir í örnefnaskrá. Vöðin eru á grynningum fyrir neðan Selgilið um 6 - 6.5 km frá Austurbænum (002). Á svæðinu er áin allbreið, um 150 m.

"Talið er að leiðin þar yfir hafi verið fjölfarin, af ferðamönnum og hjúum Skálholtsbiskups sem erindi áttu í selið (011)." segir í örnefnalýsingu S.T. Beggja vegna vaðsins er hár aflíðandi bakki, um 15 m og möl neðst í honum. Um 500 m suðvestar er malareyri í ánni. Víða mun hægt að fara yfir ána á þessu svæði og austan við það. Ekki bar heimildamönnum saman um það hvar þessi vöð voru nákvæmlega og taldi Sigurfinnur Vilmundarson að líklegast væri að þau væru mun austar, eða undir Arnarhól sem er neðan Valagils.

Heimildir: Ö-Efstidalur A.P., 2; S.T.: Efstidalur í Laugardal, 32

ÁR-401:019 *Gömlubrunnar* örnefni brunnur 64°16,126N 20°32,142V

"Víðirhólamýri, frá Mógilshæð milli Hvarfs og ár, nær langleiðina að Gömlubrunnum." segir í örnefnaskrá. Við rætur Efstadalsfjalls austanmegin, um 5,5 km frá Austurbænum (002) er mýri. Í mýrinni eru svökölluð Hvarfsdý, sem talið er

lílegast að sé umræddur staður, en engin kannast nú við örnefnið Gömlubrunnar.

Mýrin hefur verið ræst fram og þurrkuð að mestu leyti.

Heimildir: Ö-Efstidalur A.P., 2

ÁR-401:020 *Tjaldhólar* örnefni tjaldstæði 64°15,259N 20°31,993V

"Tjaldhólar tveir í suðvesturhornið á Hlaauptunguheiði ... Hagalækur liggur með báðum Tjaldhólum að vestan." segir í örnefnaskrá. Annar Tjaldhóllinn er áberandi stór og sker sig úr landslaginu, um 30 m hár og um 300 m langur frá austri til vesturs en um 75 m breiður frá norðri til suðurs. Um 100 m vestan hólans er Hagalækurinn en hinn Tjaldhóllinn, sem er mun minni, er austar.

Heimildir: Ö-Efstidalur A.P., 2

ÁR-401:021 *Múlahústættur* tóft fjárhús 64°13,566N 20°34,516V

"Setberg er smáfell innst á Kumlabrekku (014). Kumlabrekka til suðvesturs að Múlahústættum ... Múli er suðvestasti hluti af Selbrekkum, þar endar skóglendi." segir í örnefnaskrá. Tóftin er um 2,2 km suðvestur af Stekkahól (031), um 100 m norðan af Þjóðvegi. Moldarslóði er frá Þjóðveginum og liggur sunnan við tóftina. Sigurður Sigurðsson fyrrum ábúandi sagði að Múlahús hafi verið 52 kinda fjárhús frá Austurbænum (002).


Tóftin er í brekku, sem hallar í norðvestur, vestast í Selbrekkum. Skógur er allt í kring en á um 30 m svæði næst tóftinni er þýft graslendi.

Tóftin er 15 x 7 m að stærð og snýr í norðvestur - suðaustur. Nyrst er 6 x 7 m stórt hólf, niðurgrafið um 1 m og grafið inn í brekkuna. Syðra hólfíð sem er um 9 x 7 hefur mesta hleðsluhæð eða um 1 m, suðvestast má greina op. Veggir eru mest um 1,5 m að þykkt og í þeim má sjá grjótt. Greinilegur garði er í miðri tóftinni, um 1 m breiður en aðeins um 30 sm hár. Í honum sjást greinilegar grjóthleðslur. Tóftin er sigin og mikið gróin. Trjágróður er að byrja að vaxa í og við tóftina.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Efstidalur A.P., 3

ÁR-401:022 *Krókavöð* heimild um vað 64°13,400N 20°31,968V



"Krókar sunnan (vestan) [?] við Völlinn. Vaðlabrún, suðurbrún á Vellinum, þar á móts við eru vöð yfir ána, Krókavöð." segir í örnefnaskrá. Vaðið var um 500 m suðvestur af Helgulágarvaði (026) vestan við þar sem Fullsæll rennur í Brúará úr landi Syðri - Reykja. Vaðið mun hafa verið á þremur stöðum á þessu svæði.

Efstadalsmegin er bakkinn aflíðandi að ánni, sendinn og í honum nokkur möl. Í landi Syðri - Reykja er bakkinn brattur, allt að 3 m að hæð og grasivaxinn.

Á þessum stað er áin um 100 m breið, áberandi jöfn og kyrr.

Heimildir: Ö-Efstidalur A.P., 3

ÁR-401:023 *Borgir* heimild um fjárskýli 64°13,566N 20°34,516V

"Í Borgum voru opin byrgi fyrir fénað sem nefndust Fjárborgir." segir í örnefnalýsingu S.T. Svæðið er um 2,2 km suðvestur af Stekkahól (031), um 100 m norður af Þjóðvegi. Sigurður Sigurðsson fyrrum ábúandi sagði að þegar talað væri um Borgir þá væri átt við sama svæði og Múlahústættur (021) eru á.

Nú er á svæðinu skóglendi með stöku grasblettum sem eru tjálausir.

Ekki sjást neinar mannvistaleifar á þessum slóðum aðrar en Múlahústættur.

Heimildir: S.T.: Efstidalur í Laugardal, 12

ÁR-401:024 *Reykjavað* heimild um vað 64°13,439N 20°32,685V

"Austur af Gilfari er djúp gata sem heitir Krókagata (Biskupagata). Slóðin liggur í mýrinni fyrir vestan Syðri-Reyki og yfir Reykjavað, á beina stefnu á Brúará, beina stefnu í norður að Efstadalsbæjunum..." segir í örnefnalýsingu S.T. Vaðið var um 500 m austan við Krókavöð (022) á móts við bæjarhús á Syðri Reykjum.

Áin er áberandi breið á þessum stað eða 100 - 150 m. Malarhólmi er í ánni miðri .

Í landi Efstadals er bakkinn sendinn en í landi Syðri Reykja er í honum fín möl.

Begga vegna er bakkinn lágur og aflíðandi.

Heimildir: S.T.: Efstidalur í Laugardal, 14-15

ÁR-401:025 *Smalaskáli* örnefni 64°13,801N 20°33,371V

"Suður af Flötunum er lágur, stakur hóll sem nefnist Smalaskáli. Hann er nú í miðju túni." segir í örnefnalýsingu S.T. Hóllinn er um 850 m suðvestur af Austurbænum (002) vestan Þjóðvegar. Hóllinn er áberandi í sléttuðu túni.



Hóllinn er um 60 x 40 m og vísar í suðvestur - norðaustur. Engar tóftir eru í eða við hólinn sem er nokkuð þýfður. Efst á honum eru fjórar hundapúfur áberandi.

Heimildir: S.T.: Efstidalur í Laugardal, 1

ÁR-401:026 *Helgulágarvað* heimild um vað 64°13,663N 20°31,842V
"Skóglendið í suðurhluta Vallarins, nefnist Hrísar og skiptist í Austur-Hrísa og Vestur-Hrísa. Þar á milli, suður Völlinn, liggur Hólagata (008) beygir til suðvesturs rétt hjá Fullsæluhól. Neðan við útfallið á Fullsæl í Brúará, var Helgulágarvað." segir í örnefnalýsingu S.T. Helgulágarvað er um 1,9 km suður af Austurbænum (002).

Nú er moldarvegur, gróinn, niður að þessum stað í suður í gegnum land Efstadals. "Segir Margrét Þormóðsdóttir sögu um þetta vað í bókinni Inn til fjalla. Bóndinn í Efstadal, giftur ríkri, gamalli ekkju var talinn eiga vingott við heimasætuna á Syðri Reykjum sem Helga hét. Þau hittust ætíð í ákveðinni laut S-Reykjamegin en eitt sinn skilaði hún sér ekki heim. Var talið að hún hefði druknað í ánni því Brúará var og er talin stórvarasöm enda hafa allmargir látið lífið í henni." segir í örnefnalýsingu S.T. Í landi Syðri Reykja má greina götur upp frá ánni, um 40 m og 100 m í vestur frá þeim stað er Fullsæll rennur í Brúarána og liggja þær frá ánni í suður í landi Syðri - Reykja. Bakkinn Syðri Reykjamegin er grasi gróinn og nokkuð aflíðandi en við Efstadal er hann allbrattur. Áin er 60 - 100 m breið á þessum stað.

Heimildir: S.T.: Efstidalur í Laugardal, 15-16

ÁR-401:027 *Þúfuvað* heimild um vað 64°14,415N 20°31,458V
"Rétt ofan með [Brúar]ánni var Þúfuvað, við Þúfuvaðsnes. Vað þetta dregur nafn sitt af þúfu einni sem stuðst var við sem kennileiti þegar fara átti yfir ána. Nú hefur þjóðvegurinn verið lagður um nesið og 1961 var byggð þarna brú yfir ána." segir í örnefnalýsingu S.T. Brúin er um 1,2 km suðvestur af Austurbænum (002). Áin er um 60 m breið við brúna. Hún er grunn við bakkana en mjög straumhörð, mest vestanmegin.

Bakkinn norðan brúarinnar vestanmegin er lágur og í honum mól. Bakkinn austanmegin er einnig lágur en grasivaxinn.

Heimildir: S.T.: Efstidalur í Laugardal, 16

ÁR-401:028 *Réttarbarð* heimild um rétt 64°14,466N 20°33,184V

"Túnið neðan vetrarbrautarinnar, sem liggur heim að vesturbænum, er kallað Réttarbarð. Áður var fjárrétt á hæðinni fyrir ofan brautina." segir í örnefnalýsingu S.T. Umrætt svæði er um 280 m suðvestur af Austurbænum (002) um 100 norðaustan við sumarhús, norðan Vetrarbrautarinnar. Nú er á þessum stað sléttað tún

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: S.T.: Efstidalur í Laugardal, 16

ÁR-401:029 *Flatarhús* heimild um fjárhús 64°15,560N 20°33,159V

"Túnið neðan vetrarbrautarinnar, sem liggur heim að vesturbænum, er kallað Réttarbarð. Áður var fjárrétt á hæðinni fyrir ofan brautina. Túnið þar fyrir ofan, þar sem nú stendur gamalt fjárhús, heitir Stöðull." segir í örnefnalýsingu S.T. Um 180 m norðvestur af Austurbænum (002) fast við núverandi fjárhús frá Efstadal II.

Sléttað hefur verið á þessum stað. Fjós er á hól í austurhluta túnsins en norðaustan við það eru fjárhús.

"Nafnið er dregið af stöðli sem var í hliðinu rétt vestan við fjárhús það sem nýbúið er að breyta í fjós. Þar voru kýrnar áður fyrr alltaf mjólkaðar." segir í örnefnalýsingu S.T. Þessi hús hétu Flatarhús og rúmuðu 120 kindur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: S.T.: Efstidalur í Laugardal, 16-17

ÁR-401:030 *Hesthúshóll* heimild um hesthús 64°14,519N 20°32,995V

"Norðaustan við nýrri skemmuna var hesthús á litlum hól sem kallaður var Hesthúshóll. Nú er búið að slétta þennan hól út." segir í örnefnalýsingu S.T. Skemman er í landi Efstadals II. Hesthúsið var um 110 m suðvestur af Austurbænum (002) fast norðaustan skemmunar.

Austan og sunnan skemmunar er malarplan auk malarslóða er liggur frá planinu í norður. Vestan og sunnan er sléttað tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: S.T.: Efstidalur í Laugardal, 17

ÁR-401:031 *Stekkjarkhóll* heimild um hrútakofa 64°14,523N 20°32,935V

"Norðaustan við nýrri skemmuna var hesthús á litlum hól sem kallaður var Hesthúshóll (030). Nú er búið að slétta þennan hól út. Þar sunnan við, ... var Beinamýri ... Austan við mýrina er Stekkjarkhóll. Þar var áður hrútakofi." segir í

örnefnalýsingu S.T. Á þessum stað stendur nú íbúðarhús í Efstadal II, um 100 m suður af Austurbæ (002). Blómagarður er sunnan við íbúðarhúsið en austan og vestan við eru malarstæði. Norðanvið eru gömul hesthús.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: S.T.: Efstidalur í Laugardal,17

ÁR-401:032 *Brunnmýri* heimild um brunn 64°14,599N 20°32,814V

"Kirkjuvöllur ... austan undir Kirkjuhólum (003) sem nú er undir ruðningnum frá því ýtt var fyrir nýja fjósinu 1973. Þar austan við var brunnur í mýrardragi nokkru sem hét Brunnmýri. Nú er þar haugstæðið frá fjósinu." segir í örnefnalýsingu S.T. Brunnmýri er um 100 m austur af Austurbænum (002). Svæðið er mikið raskað frá því að þar var byggt fjós árið 1973.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: S.T.: Efstidalur í Laugardal,17

ÁR-401:033 *Garðalambhúsið* heimild um lambhús 64°14,610N 20°32,790V

"Rétt aðeins austan við (Brunnmýri 032) er hóll og þar voru tættur eftir tvö lambhús. Það fremra kallaðist Garðalambhúsið en hitt sem var aðeins norðar kallaðist Ásmundarlambhúsið (007)." segir í örnefnalýsingu S.T. Samkvæmt túnakorti voru fern útihús um austur af Austurbænum (002). Heimildamönnum bar ekki saman um staðsetningu þessara húsa. Annarsvegar var talað um að þau hafi verið á hól efst í Lindarbrekku um 150 m austur af Austurbænum (002), hinsvegar austan við skemmu að Efstadal IV um 300 m austur af Austurbænum (002). Hnit voru tekin við skemmu að Efstadal IV.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: S.T.: Efstidalur í Laugardal,17

ÁR-401:034 *Austurhesthús* heimild um hesthús 64°14,668N 20°32,625V

"Austan við [Lambhúsa]hólinn er nokkuð brött brekka og nefnist túnið þar Austurtún. Í austurjaðri túnsins var Austurhesthús og einnig Austurlambhúsið (035), mög líklega á svipuðum stað og vélarhúsið stendur núna." segir í örnefnalýsingu S.T. Austurhesthús var um 300 m austar en Austurbærinn (002), fast austan við núverandi vélarhús frá Efstadal IV. Nú er á svæðinu sléttað malarstæði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: S.T.: Efstidalur í Laugardal,17-18

ÁR-401:035 *Austurlambhúsið* heimild um lambhús 64°14,668N 20°32,625V
"Austan við [Lambhúsa]hólinn er nokkuð brött brekka og nefnist túnið þar Austurtún. Í austurjaðri túnsins var Austurhesthús (034) og einnig Austurlambhúsið, mög líklega á svipuðum stað og vélarhúsið stendur núna." segir í örnefnalýsingu S.T. Austurlambhús var um 300 m austar en Austurbærinn (002), fast austan við vélarhús frá Efstadal IV. Nú er á svæðinu sléttað malarstæði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: S.T.: Efstidalur í Laugardal,17-18

ÁR-401:036 *Húsagarður* heimild um heygarð 64°14,588N 20°32,909V
"Vestan megin við fjósið, á bak við gamla bæinn [Austurbæinn] sem stóð fram yfir 1950 og þar sem íbúðarhús Vilmundar [Efstidalur IV] er núna, var húsagarður." segir í örnefnalýsingu S.T. Austurbærinn stóð til 1952. Nafnið Húsagarður mun vera dregið af því að þar var geymt hey sem síðan var borið í útihús. Nú er á þessum stað sléttað malarplan norðan íbúðarhúss að Efstadal I.

Svæðið hallar til suðurs en norðanvið eru miklir hólar, Álfhóll (012) og Barnhóll. Allt svæðið í kringum gamla bæjarhólinn er mikið raskað vegna framkvæmda.


Heimildir: S.T.: Efstidalur í Laugardal,18

ÁR-401:037 brunnur 64°14,621N 20°32,935V

"Fyrir ofan húsið [Efstadal III] er opið vatnsból sem notað var fyrir austurbæinn þar til um 1976 þegar lögð var vatnsleiðsla í bæinn úr Silungapyttamýri." segir í örnefnalýsingu S.T. Leifar vatnsbólsins eru um 90 m norður af Austurbænum (002). Á svæðinu, sem er stórbýft, er mikil trjárækt.

Brunnurinn er grjóthlaðinn, um 6 m í þvermál. Hann er niðurgrafinn um 2,5 m, mest sex umför hleðslu.

Grjótið í hleðslunni er stórt og ávalt, og liggur dreif af slíkum steinum umhverfis brunninn. Gildur staur hefur legið yfir brunnopið þvert en hann er nú brotinn og liggur niðri í brunninum.



Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: S.T.: Efstidalur í Laugardal, 18

ÁR-401:038 *Steinhöll* heimild um fjárhús 64°14,561N 20°33,022V
"Álfhóll er rétt við bæinn og Barnhóll austar og lægri." segir í örnefnaskrá. "Við Álfhólinn, þar sem nú er Álfhólstún voru tvö fjárhús. Annað þeirra, svokölluð Steinhöll, var austur af honum og var það lítill fjárhúskofi sem var hlaðinn úr grjóti en norður af hólnum í litlum slakka var Álfhólshús (039)." segir í örnefnalýsingu S.T. Fjárhúskofinn Steinhöll var um 160 m norður af Austurbænum (002). Engin merki sjást um húsið en mikið rask er þar sem það stóð. Í norðurhluta Álfhóls er mikið grjót auk túngarðsins (010) sem er vestar.

Hættumat: hætts, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Efstidalur H.F., 1; S.T.: Efstidalur í Laugardal, 19

ÁR-401:039 *Álfhólshús* heimild um fjárhús 64°14,561N 20°33,022V
"Álfhóll er rétt við bæinn og Barnhóll austar og lægri." segir í örnefnaskrá. "Við Álfhólinn, þar sem nú er Álfhólstún voru tvö fjárhús. Annað þeirra, svokölluð Steinhöll (038), var austur af honum og var það lítill fjárhúskofi sem var hlaðinn úr grjóti en norður af hólnum í litlum slakka var Álfhólshús." segir í örnefnalýsingu S.T. Álfhólshús voru um 160 m norður af Austurbænum (002). Þau eru sýnd á túnakorti frá 1920. Á þessum stað hefur verið sléttað en garðurinn (017) sést enn vestan við hússtaðið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Efstidalur H.F., 1; S.T.: Efstidalur í Laugardal, 19

ÁR-401:040 heimild um áletrun

Í Árbók fornleifafélagsins 1908 segir svo frá " Í Efstadal er steinn aflangur, um 1 al. að lengd. Hann er sléttur að ofan og lettrað á hann "land : skjálpti : 1614". Steinninn er nú í tröppum inn að bæjardyrum, en var að sögn áður þröskuldur í kofadyrum nokkrum. - Hvergi annarstaðar mun getið um landskjálpta það ár hér á landi". MÞ, 40. Enginn af heimildamönnum kannaðist við þennan stein og hvergi fundust neinar aðrar heimildir um hann. Erfitt er að geta sér til um staðsetningu hans þar sem tveir bæir voru í Efstadal.

Heimildir: M.Þ.; Árbók hins íslenska fornleifafélags 1908, 40.

ÁR-401:041 *Kolhæð* örnefni

64°15,344N 20°32,208V

"Austan við Fjósaskóginn [sem er fyrir austan Hæðina, austur af íbúðarhúsi ?] eru miklar og djúpar lægðir í landslaginu sem nefndar eru Byrðulágar ... Fyrir innan Byrðulágarnar, er Kolhæð og ... Enn austar er Kolhæðarmýri sem nær allt inn að Hagalæk," segir í örnefnalýsingu S.T. Kolhæð er um 1,5 km í austur frá Austurbænum (002), vestan Tjaldhóla. Nú er búið að þurrka mýrina og hún notuð til beitar. Kolhæð er nú vaxin birkiskógi. "Hagalækur var virkjaður 1939 og var stöðvarskurður handgrafinn frá læknum suður með Kolhæðarmýri þangað sem rafstöðin stóð. En þar sem Arnargil flutti með sér mikinn framburð í lækinn og breytti honum sífellt var þetta miklum erfiðleikum bundið. 1970 var stöðin (14-16 kW) lögð niður þar sem hún var löngu hætt að framleiða nægilegt rafmagn fyrir daglega notkun býlanna." segir í örnefnalýsingu S.T.

Heimildir: S.T.: Efstidalur í Laugardal, 20

ÁR-401:042 *Lind* heimild um þvottastað

64°14,550N 20°32,673V

"Lindarhóll er í sunnan verðum jaðri Austurtúnsins. Niður af honum er Lindarbrekka, snarbrött sem nær niður í Lindarmýri, nú kallað Skurðir. Þar var Lind sem þvottar voru þvegnir áður fyrr ..." segir í örnefnalýsingu S.T. Lindin var um 260 m suðaustur af Austurbænum (002) neðan við brekku er liggur í suður frá íbúðarhúsi að Efstadal IV. Norðanverður hluti svæðisins er sléttaður en brekkan sunnanvið, Lindarbrekkan, er notuð til beitar. Austan og sunnan við er nýrækt. Það svæði er nú kallað Skurðir. Neðst í brekkunni vestantil rennur uppspretta í skurð. Vatnið úr uppsprettunni kemur undan vestanverðri brekkunni, um 50 m austar er Lindin.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: S.T.: Efstidalur í Laugardal, 21.

ÁR-401:043 heimild um áveitu

64°15,344N 20°32,208V

"Lindarhóll er í sunnan verðum jaðri Austurtúnsins. Niður af honum er Lindarbrekka, snarbrött sem nær niður í Lindarmýri, nú kallað Skurðir ... Á milli Lindarmýrar og Rimamýrar var þurrlendi og mikill skógur sem nefndist Rimi. Nú eru þar tún, Sléttan og Rófan. Upp úr 1939 var handgrafinn áveituskurður sem lá úr Hagalæknum á

milli Sléttunnar og Rófunnar og niður í Kotsmýri, þar sem vatninu var veitt á engjarnar." segir í örnefnalýsingu S.T. Skurðurinn lá um 2 km. leið í suðvestur frá Hagalæk

Nú er búið að grafa skurð þar sem áveituskurðurinn var, þar sem kallast Skurðir.

Skurðurinn var um 2 km langur frá Hagalæk í vestur að Flötum.

Heimildir: S.T.: Efstidalur í Laugardal, 21

ÁR-401:044 *Ullarflöt* heimild um þvottastað 64°15,344N 20°32,208V

"Í áveituskurðinum [042] þar fyrir neðan var ullin þvegin í þar til gerðu lóni. Hún var svo lögð til þerris á Ullarflöt sem er skóglaus flöt, vestan við lækinn ofan við Lambadýið." segir í örnefnalýsingu S.T. Ullarflöt er þar sem Hagalækurinn rennur austan Fjósaskógar en vestan Tjaldhóla, um 1,5 km austur af Austurbænum (002). Vestan Hagalækjarins, undir Fjósaskógi, er nú skóglaut beitiland. Við Hagalækjarbakka beggja vegna er mól en farvegi lækjarins hefur verið breytt á þessum slóðum.

Heimildir: S.T.: Efstidalur í Laugardal, 21

ÁR-401:045 *Rekstrargötur* gata 64°15,259N 20°31,993V

Í láginni norður af...[Hlaup]heiðinni og inn af Tjaldhólamýrinni eru Rekstrargötur sem fjallsafnið var alltaf rekið eftir." segir í örnefnalýsingu S.T. Að sögn Sigurðar Sigurðarsonar, var fjallsafnið ýmist rekið sunnan eða norðan Tjaldhólanna. Djúp og greinileg gata er norðan hólanna allt upp að Selgili.

Gatan er greinileg norðan Tjaldhóla og á köflum upp að Selgili. Mikill birkiskógur er á þessum slóðum. Að sögn Sigurfinns Vilmundarsonar var, þegar talað var um Rekstrargötur, alltaf átt við götuna norðan Tjaldhóla.

Heimildir: S.T.: Efstidalur í Laugardal, 22

ÁR-401:046 heimild um brú 64°15,852N 20°32,208V

"Brúará ... Efsti fossinn heitir Brúarfoss og blasir hann við af göngubrúnni sem er á Kónsvegnum [ÁR-701:002] rétt neðan við fossinn. Djúp gjá er í Brúará en ofan við fossinn er hún svo þröng að hún rúmar ekki allt vatn árinna og því fellur það



niður í flúðirnar sitt hvoru megin við gjána og myndar þennan sérkennilega foss. Nafn sitt dregur áin af steinboga sem er í henni. Undir göngubrúnni er steinbogi sem getur varla talist brú á ánni, því hann er alltaf undir vatnsborði og því hættulegt að fara þar yfir ána." segir í örnefnalýsingu S.T.

Vestanmegin við brúna er hlaðin undirstaða og skóglaut svæði þar vestan við að götum er ligga framhjá (leifar Kónsvegarins). Bakinn að ánni er grasi gróinn og nokkuð birkivaxinn beggja vegna.

"Sr Jón Halldórsson, seinna rektor Skálholtsskóla, skráir eftirfarandi atburð í Biskupasögum sínum um 100 árum eftir að hann átti að hafa gerst. " Á þeim stóru harðindaárum til lands og sjávar hér um Anno 1602, var af fátæku umferðar og uppflösuðu fólki úr öllum áttum mikil aðsókn að Skálholtsstað. En bryti staðarins meinti henni mundi réna, ef sú sjálfgerða brú eða steinbogi á Brúará, (hvar af hún hafði það nafn), væri afbrotin, fór til og braut hana með mannafla með vitund ef ei með ráði biskupshústrúr, Helgu Jónsdóttur, en án vitundar herra Odds, því það tiltæki féll honum stórilla, þá hann fékk það að vita." (Jón Halldórsson, bls. 190). Oddur biskup, sem talinn var forspár og sjá sýnir, taldi að þetta kynni ekki góðri lukku að stýra. Einnig segir í Biskupasögum Jóns. "Skömmu síðar druknaði þessi bryti í Brúará, en bending þótti og nokkur á hinum (yngri börnum biskups). Eiríkur hafði mikinn vitsmunabrest; Margrét var kvenna fríðust á andlitið öðru megin, var önnur kinn hennar fagurrjóð og blómleg, en hin önnur hvít og visin" (J.H. bls.190). Ýmsir sagnfræðingar hafa ekki treyst sannleiksgildi þessarar frásagnar. Í Árneshöfði á landnáms og söguöld segir m.a. " Ein öld eða meir er liðin frá því, er atburður þessi á að hafa gerzt, til skráningar hans, og er sögninni því varlega teystandi, enda var Helga biskupsfrú orðlögð fyrir góðsemi við fátæka menn". (Einar Arnórsson, bls. 344). Hinsvegar segir Jón Halldórsson frá því í Biskupasögum sínum að á því ári, 1680, hafi bændur í Biskupstungum tekið sig saman undir stjórn Jóns Jónssonar smiðs í Miklaholti og velt stórum björgum ofan í árþrengslin. Þetta var gert til að koma aftur upp brú á Brúará þar sem steinboginn hafði verið. Þetta brast þó alltaf í miklum vatnavöxtum og í Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar þar sem segir frá ferðum þeirra um landið 1752-1757, minnst þeir á eftirfarandi hátt á Brúará: "Á henni var fyrrum náttúrulegur steinbogi fyrir norðan Skálholt. En miðhluti þessarar brúar [átt við steinbogann] var brotinn fyrir löngu, en er árlega bættur, því að ekki er áin breiðari en svo, að röskur karlmaður getur stokkið þar yfir." (E.Ó og B.P. bls. 164). Þetta bendir til þess að tveir steinbogar hafi verið í ánni og að sá margumtalaði

steinbogi sem var helsta samgönguleiðin hér á öldum áður og svo brotinn niður, hafi verið á gjá þeirri sem er fyrir ofan Brúarfoss. Ólafur Briem lýsir fossinum og nágrenni hans á eftirfarandi hátt: " Þessi foss er mjög sérkennilegur, því að þar fellur áin niður í stóra og þrönga gjá. Beggja vegna gjárinnar er grunnt vatn, en yfir sjálfa gjána var áður steinbogi (Ó.B. bls. 35). Það ber að hafa í huga að gjáin liggur víða eftir ánni miðri allt frá upptökum, en hins vegar tekur af allan vafa þegar lengra er lesið í sömu grein. "Ennþá er annar sjálfgerður steinbogi yfir gjána, fast ofan við göngubrúna." (Ó.B. bls.35). Í Árningsögu segir Guðmundur Kjartansson um Brúará: " Er ég var þarna á ferð sumarið 1941, var stór steinn fastur í gjánni nálægt því, sem brúin var áður. Hann var allur fyrir ofan vatnsborð og stóð í óbifanlegum skorðum eins og fleygur, sem ýtt hafði niður á milli fláandi gjárveggjanna. Mátti þá hæglega klifra ofan gjárbarminn niður á steininn og upp aftur hinum megin. Þarna er aðeins 30 cm breitt bil á milli veggjanna". (Guðmundur Kjartansson. bls. 37) Hann telur að áin muni sjálf hafa flutt steininn þangað sem hann er enn þann dag í dag, sem er mjög ólíklegt vegna þess að steinninn er svo kyrfilega skorðaður og grjótframburður árinna er enginn. Hinsvegar er ekki ólíklegt að þetta séu leifar framkvæmda Biskupstungnabænda og Haraldur Matthíasson sem minnst ennfremur á þennan stein í grein sinni, er sömu skoðunar. Því má veita athygli að Guðmundur minnst hvergi á niðurbrot steinbogans og virðist því ekki þekkja söguna um það en lýsir hins vegar undrun sinni á því að Brúará dragi nafn sitt af steinboganum beint undir göngubrúnni, þar sem ætíð renni vatn yfir hann. Þetta rennir stöðum undir þann grun að boginn sem brotinn var, hafi verið á gjánni fyrir ofan Brúarfoss og eyðilagður svo gersamlega að ekki sjást nú neinar leifar hans. Um aldamótin 1800 var sett trébrú yfir gjána fyrir ofan fossinn sem sr. Guðni Guðmundsson, prestur í Miðdal 1817-1834, endurnýjaði svo á þeim tíma. Fyrir komu Friðriks III var byggð reisuleg trébrú "beint fyrir ofan þann steinboga sem enn er til staðar" og var hún ökufær. Í kringum 1966 var hún svo endurnýjuð en þá aðeins gerð reið- og göngufær. Mikið hefur verið um slys og dauðsföll í ánni þar sem hún er straumþung og gætir víða undirstraums." segir í örnefnalýsingu S.T. Nú hefur brúnni, sem er úr sér gengin, verið lokað fyrir allri umferð. Reiðstígur liggur að brúnni frá Hagalæk en sá stígur er leifar kongsvegarins sem lagður var 1906. Ekki sést steinboginn nú en áin rennur í gljúfri ofan brúarinnar. Meðfram gljúfrinu rennur hún straumlítill en mikil í gljúfrinu sjálfu. Austan brúarinnar er göngustígur lagður rauðamöl.

Heimildir: S.T.: Efstidalur í Laugardal, 22-26

ÁR-401:047 *Efstadalskot* heimild um býli 64°14,014N 20°33,854V

"Suður af Setbergi en ofan vegar er Stekkatún (013) og Stekkatúnshóll. Stekkatúnslækur rann um túnið og hvefur í mýrina." segir í örnefnaskrá H.F. "Uppi á [Stekkatúns]hólnum voru fjárhús-og hlöðutættur og í honum norðanverðum voru aðrar fjárhústættur til (013). Í vestanverðum Stekkatúnshólnum voru tættur, mjög líklega eftir Efstadalskot. Þar er nú sléttað landsvæði.", segir í örnefnalýsingu S.T. Hóllinn er um 200 m austan við bragga er byggður var í tíð heimildamanns og er nú notaður sem fjárskýli.


Sléttað tún er umhverfis en sunnan við er þjóðvegurinn

"Efstadalskot, bygðist fyrst í voru minni á stekkjarsæði ...Varaði bygðin undir eður yfir 40 ár, inn til þess að fyrir 2 árum er það í auðn fallið [hefur þá verið búið þar u.þ.b. frá 1766- 1706]. Grasnautn var sú ein, sem heimabóndinn aflagði ... Byggja má hjer aftur, en þó ekki nema til rýrðar heimajörðunni." segir í jarðabók Árna og Páls. "Þetta stekkjarsæði sem þeir minnst á er líklega það sem Skálholtsstóll hafð sel sitt á. Einnig er talað um það í Jarðabókinni að í tíð Brynjólfs biskups (1639-1674) hafi ábúandinn í Efstadal, Einar Narfason, kvartað undan því að stólsemið sæði of nálægt bæ og þá hafi það verið fært innar í land jarðarninnar, sem svaraði bæjarleið ..., að kotið hafi stundum verið kallað Gunnlaugstún." segir í örnefnalýsingu S.T. Hóllinn er um 200 x 150 m að stærð, liggur í austur - vestur og er um 20 m hár. Engar tóftir eru sjáanlegar í hólnum en hann hefur þó ekki verið sléttaður að fullu. Á honum er stórþýfi.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Efstidalur H.F., 4; S.t.: Efstidalur í Laugardal, 28; JÁM II, 314-15.

Efstidalur ÁR-401



Kort 3. Minjastaðir í landi Efstadals

5. Kafli. Niðurstöður.

Alls voru skráðir 46 minjastaðir í landi Efstadals í Laugardal auk einnar fornleifar sem getið er um í Árbók fornleifafélagsins en ekki er vitað um í dag. Af þeim eru 22 í hinu forna túni bæjanna. Margar merkar fornleifar eru að Efstadal. Þar má fyrst nefna bæjarhólinn (001) og (002) sjálfan auk Kirkjuhóls (003), sem talinn er forn grafreitir, auk bæn húss sem á honum var. Svæðinu hefur verið raskað af byggingum, en mikið af mannabeinum hefur komið í ljós við framkvæmdir á þessum stað. Engin merki sjást um þessar fornleifar en vitað er hvar þær eru og er nauðsynlegt að þess verði gætt að þeim verði ekki raskað frekar.

Aðrar fornleifar eru fyrst og fremst útihús sem hafa verið sléttuð (004, 005, 007, 013, 029, 030, 031, 033, 034, 035, 036, 038, 039) en líklegt verður að teljast að eitthvað sé eftir að þeim undir sverði þar sem jarðvegsþykknun er nokkur á þessu svæði og djúpt niður á fast. Þær fornleifar sem enn sjást eru óþekkt tóft (006), garðlag (010), Selhústóft (011), Múlahústætur (021), Flatarhús (009) og brunnur (037). Mikilsvert er að þess verði gætt í framtíðinni að þeim verði ekki spillt af vangá.

Fimm vöð eru skráð frá jörðinni yfir Brúará; Selvöð (018), Krókavöð (022), Reykjavað (024), Helgulágarvað (026) og Þúfuvað (027), auk tveggja leiða; Hólagata (008) og Rekstrargötur (045).

Engar heimildir eða vísbendingar fundust um fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði eða í næsta námunda við það og þykir því ekki ástæða til að vara við framkvæmdum á svæðinu.

6. kafli. Heimildir

JÁM II: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Árnessýsla. II bindi.*
Kaupmannahöfn, 1918-21.

JJ: Johnsen, J. *Jarðatal á Íslandi.* Kaupmannahöfn, 1847.

MP: Matthías Þórðarson. “Smávegis. Athugasemdir gerðar á skráningu um árnessýslu ofanverða í júlí 1908.” *Árbók his íslenska fornleifafélags*, Reykjavík, 1908.

S.T: Efstidalur í Laugardal: Sigrún Theodórsdóttir. *Efstidalur í Laugardal.* Óbirt ritgerð við Menntaskólann á Laugarvatni, 1991.

SB III: *Sunnlenskar byggðir. Laugardalur, Grímsnes, Þingvallasveit, Grafningur, Ölfus, Hveragerði og Selvogur.* III bindi. [útgáfustað vantar], 1983.

Sturl: *Sturlunga saga I-II bindi.* Reykjavík, 1946.

Ö-Efstidalur A.P: Örnefni í Efstadal. Andrés Pálsson skráði, (ártal vantar).
Örnefnstofnun Íslands.

Ö-Efstidalur H.F: Örnefni í Efstadal. Haraldur Finnson skráði 1974.
Örnefnastofnun Íslands.